

STARFSÁÆTLUN BORGASKÓLA

2024-
2025



 Borgaskóli

Skapandi skóli fyrir alla

Jákvæðni – Virðing - Vinátta

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Stjórnskipulag skólans	4
Mannauður	8
Mannauðsstefna	8
Skipulag skólaársins	12
Skóladagatal	12
Skipulag kennslu	13
Skipulag 1.-4. bekkur	14
Skipulag 5. – 7. bekkur	14
Menntastefna Reykjavíkur	15
Mat á skólastarfi	18
Áætlun um innra mat	18
Umbótaáætlanir skólans	20
Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf	20
Stefna skóla í foreldrasamstarfi	20
Nemendafélag skóla	21
Skólareglur og skólabragur	22
Skólareglur Borgaskóla	22
Viðbrögð við hegðunarfrávikum – agaferill Borgaskóla	25
Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið	26
Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu	30
Nemendaverndarráð	31
Ýmsar áætlanir og reglur	31
Útgefið efni skóla- og frístundasviðs	31
Eineltisáætlun	32
Símenntunaráætlun	32
Rýmingaráætlun	32
Umbótaáætlun	32
Læsisstefna,	32
Sjálfsmatsáætlun	32
Starfsmannahandbók	32
Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur	32
Jafnréttisáætlun	33
Forvarnastefna	33
Áfallaáætlun Borgaskóla	34
Áfallaráð	34
Áföll tengd nemendum	35
Áföll tengd aðstandendum nemanda	37
Áföll tengd starfsfólki	38
Áföll tengd aðstandendum starfsfólks	38

Viðbragðsáætlun vegna inflúensu	39
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs	39
Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri.....	39
Viðbragðsáætlun Almannaþingarinnar	39
Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi	39
Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa	39
Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál.....	39
Fjölmenningsráðgjafar skóla- og frístundasviðs.....	40
Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum	40

Inngangur

Borgaskóli tók til starfa 1. ágúst 2020 og er staðsettur við Vættaborgir 9, 112 Reykjavík. Í Borgaskóla eru nemendur í 1.-7. bekk úr Borga- og Víkurhverfi. Áætlaður nemendafjöldi skólaárið 2024-2025 eru 220 nemendur. Fjöldi starfsfólks er um 40. Hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu Grafarvogs sér um skólaheilsugæslu. Sálfræðiþjónustu og aðra sérfræðiþjónustu fær skólinn frá Þjónustumiðstöð Austur.


Í skólahúsnæðinu eru 15 almennar kennslustofur, bókasafn ásamt tækniveri, raungreinastofa og góð aðstaða til list- og verkgreinakennslu. Einnig hefur frístund og félagsmiðstöð aðstöðu í skólanum.

Hlutverk Borgaskóla er að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi nám sem stuðlar að alhliða þroska nemenda með það að markmiði að þeir verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar, virkir og ábyrgir í síbreytilegu samfélagi. Í Borgaskóla er lærdómssamfélag þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk eru virkir þátttakendur. Nemendur fá tækifæri til að njóta hæfileika sinna og rækta heilbrigðan lífsstíl og samskipti í hvetjandi og jákvæðu námsumhverfi.

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skulu þær samdar í samráði við kennara. Starfsáætlun breytist árlega og er þar meðal annars gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skólans er árlega lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða, fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði ásamt því að gera skólanefnd grein fyrir með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Stjórnskipulag skólans

Í stjórnendateymi skólans eru: Ester Helga Líneyjardóttir skólastjóri, Þuríður Jóna Ágústsdóttir aðstoðarskólastjóri, Bryndís Rut Óskarsdóttir skólafélagsráðgjafi. Ritari skólans er Kristbjörg Lilja Jóhannesdóttir og umsjónarmaður skólans er Elfar Eiðsson. Skólamatúr sér um hádegismat nemenda og starfsfólks.



Stefna skólans/stefnukort

Í Borgaskóla er stöðugt unnið að því að þróa nám og kennslu í samræmi við niðurstöður rannsókna á því sviði. Við stofnun skólans var ákveðið að vinna í anda leiðsagnarnáms. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að leggja skuli áherslu á leiðsagnarmat, þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Leiðin er vörðuð og upphafið er skipulagt með lokamarkmið í huga. Leiðsagnarmat er stór hluti af leiðsagnarnámi og mikilvægt að tengja efni aðalnámskrár við niðurstöður rannsókna. Skólar sem fylgja þessari aðferðafræði hafa náð mjög góðum framförum í námi og það er ávallt markmið okkar í Borgaskóla.

Leiðsagnarnám byggir á fimm stoðum og ein þeirra er námsmenningin. Við viljum hafa þannig námsmenningu í Borgaskóla að við höfum væntingar til allra, að vaxandi hugarfar sé ríkjandi, að mistök skapa tækifæri til að læra, að það séu fjölbreyttir kennsluhættir, að við vinnum bæði saman í hópum, pörum og sem einstaklingar. Námsmenning verður til innan veggja skólans og einnig í samstarfi við heimilin. Niðurstöður rannsókna (Dweck 2015) sýna að þegar sjónum er beint að greind, meðfæddum hæfileikum eða öðru sem börn hafa ekki tekið þátt í að skapa aukast líkur á að fastmótað hugarfar verði ríkjandi. En ef athyglinni er beint að þrautseigju, dugnaði eða öðru því sem er í höndum nemenda að vinna með aukast líkur á vaxtandi hugarfari. Dugnaður og þrautseigja er einn af lykilhæfni þáttum sem áhersla er lögð á í skólastarfi.

Eftirtalin hugtök eiga að einkenna leiðsagnarnám í Borgaskóla:

- **Hugarfar:** Við viljum efla vaxandi hugarfar (e. *growth mindset*) nemenda gagnvart námi sínu. Þegar nemendur tileinka sér *vaxandi hugarfar* þá vita þeir að framfarir nást með þrautseigju. Ef þeir telja að hæfileikar séu eingöngu meðfæddir og annað hvort geti þeir eða geti ekki, þá hafa þeir *fastmótað hugarfar* (e. *fixed mindset*).
- **Mistök:** Við lítum svo á að mistök skapi tækifæri til að læra. Enginn þarf að skammast sín fyrir að gera mistök, því allir mestu snillingar heimsins hafa gert fjölda mistaka og lært af þeim. Ef

nemendur þurfa ekkert að hafa fyrir náminu, þá er verkefnið sennilega of auðvelt og nemendur læra lítið eða ekkert.

- **Heilinn:** Líkt og vöðvar, þá eflist heilinn þegar hann er notaður.
- **Markmið:** Nemendur vita hvað þeir eru að læra í hverri kennslustund, ekki bara hvað þeir eru að gera. Þeir stefna að ákveðnu markmiði og vita hvar þeir eru staddir á leið sinni þangað og hvenær þeir hafa náð markmiðinu.
- **Viðmið:** Það hjálpar nemendum að ná árangri þegar þeir vita hvað þarf að vera til staðar svo verkefnið sé gott. Stundum ákveða nemendur og kennari árangursviðmið saman til að varða leiðina að því hvernig gott verkefni þarf að vera.
- **Endurgjöf:** Í kennslustund bendir kennari nemendum reglulega á hvernig þeim gengur að ná markmiðum sínum og hvað þeir geta gert til að gera enn betur. Þannig geta nemendur strax nýtt endurgjöfina. Stundum getur endurgjöfin líka verið skrifleg, aðalatriðið er að hún hjálpi nemendum að ná markmiðum sínum. Nemendur gefa einnig hver öðrum endurgjöf út frá þeim viðmiðum sem hafa verið skilgreind, og nemendur meta sjálfir eigin vinnu. Áhersla er lögð á að kennarar nýti sér einnig þá endurgjöf sem þeir fá frá nemendum.
- **Námsfélagar/samráðsfélagar:** Tveir og tveir nemendur svara saman spurningum, leysa verkefni eða skiptast á hugmyndum í afmarkaðan tíma. Það hjálpar nemendum að orða hugsanir sínar og þeir læra hver af öðrum. Nemendur skipta reglulega um námsfélaga/samráðsfélaga.
- **Samræður:** Kennari varpar reglulega fram spurningum, athugasemdum eða hugmyndum til að vekja áhuga og forvitni nemenda. Í stað þess að biðja nemendur um að rétta upp hönd dregur hann nafn þess sem segir frá, eftir að allir hafa fengið tíma til að hugsa. Þetta er gert svo allir heilar í hópnum glími við spurninguna sem lögð er fyrir en sumir nemendur bíði ekki bara eftir því að þeir sömu svari alltaf fyrir þá.
- **Vinnubrögð:** Nemendur vinna á fjölbreyttan og skapandi hátt og hafa ýmsa möguleika til að læra og sýna hvaða hæfni þeir hafa tileinkað sér. Þeir vinna ýmist einir, í pörum eða í stærri hópum. Áhersla er lögð á meðvitund nemenda um eigið nám og að þeir beri ábyrgð á námi sínu í samræmi við þroska.

Á sameiginlegum fundi innleiðingarhóps Borgaskóla, skólaráðs og nemendaráðs þann 27. maí 2021 var vinnufundur um stefnu skólans og einkunnarorð með hliðsjón af þeim gildum sem skólinn sem hefur sett sér að vinna eftir. Ingvar Sigurgeirsson verkefnisstjóri stýrði fundinum. Niðurstaða fundarins var **Borgaskóli: skapandi skóli fyrir alla. Jákvæðni, virðing, vinátta.**

Haldið verður áfram að þróa skólastarfið í kjölfarið á þessari stefnumótun með öllum aðilum skólasamfélagsins.

Skólaráð

Skólaráð skv. 8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008. Þar segir:

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist

almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Nánar er fjallað um hlutverk ráðsins í reglugerð 1157/2008 og þar segir að skólaráð:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- fjallar um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á vefsíðu skólans.

Fulltrúar í skólaráði eru: Ester Helga Líneyjardóttir skólastjóri, Elfar Eiðsson fulltrúi starfsmanna, Hrönn Harðardóttir og Unnur Jónsdóttir fulltrúar kennara, Helena Konráðsdóttir og Karítas Dan Þórarinsdóttir fulltrúar foreldra, fulltrúar nemenda eru: Ólafur Vilhelm og Katla Sigríður. Varafulltrúi er Agnes.

Starfsáætlun skólaráðs

Mánuður	Verkefni
23. september	Kynning nýrra fulltrúa. Skipan og verkefni skólaráðs Staðfesting starfsáætlunar Boðun funda, dagskrá, fundaritun og fundatímar á skólaárinu Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar kynnt og rædd.
30. október	Agafेरill Umbótaáætlun 2024-2025 Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk og lesfimi í 1.-7. bekk
28. nóvember	Sameiginlegur fundur nemendaráðs og skólaráðs. Staðan á þróunarverkefnum.
Desember	Ekki fundað

21. janúar	Samstarf við grenndarsamfélagið. Skólastarf á vorönn.
27. febrúar	Skóladagatal, kynning og umræða, Rekstraráætlun skólans. Áherslu- og umbótaáætlun – vinnsla. Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs.
28. mars	Skóladagatal, ákvörðun/afgreitt.
30. apríl	Framkvæmdir, skipulag vordaga og skólaloka. Drög að starfsáætlun skólaráðs næsta skólaárs kynnt og rædd. Niðurstöður Skólapúlsins. Starfsáætlun næsta skólaárs afgreidd. Skólaþróunarverkefni.
4. júní	Fundað ef þarf

Mannauður

Starfsfólk

Upplýsingar um starfsfólk Borgaskóla má finna á [heimasíðu](#). Heimasiður grunnskóla Reykjavíkurborgar liggja niðri sem stendur og vísað er á [þessa](#) síðu.

Mannauðsstefna

Í skólanum vinnur allt starfsfólk að stefnumörkun og forgangsröðun. Lögð er áhersla á uppbyggjandi skólastarf þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir bæði nemendum, foreldrum og starfsfólki. Í skólanum er lögð áhersla á að allir nái árangri og til þess eru m.a. notaðir fjölbreyttir kennsluhættir. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennslu list- og verkgreina sem oft er samþætt öðrum námsgreinum. Allir starfsmenn skólans eiga að njóta sambærilegra tækifæra til starfsþróunar og símenntunar. Allir starfsmenn skulu bera ábyrgð á að skapa andrúmsloft laust við fordóma af hvaða tagi sem er. Virða ber rétt starfsmanna til að tjá sig ekki um persónuleg málefni, s.s. trúarskoðanir, stjórnmálaskoðanir, kynhneigð eða heilsufar. Þess skal gætt við ráðningar, uppsögn og ákvarðanir um kjör starfsmanna skólans, að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsmanni, sbr. grein 1.2 í starfsmannastefnu borgarinnar. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum allra. Í Borgaskóla er unnið eftir mannauðsstefnu Reykjavíkur, sjá hlekk [hér](#).

Fagmennska starfsfólks

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og hlutverk þeirra er margþætt. Starf kennarans snýst ekki aðeins um kennslu heldur einnig stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Gæði menntunar

og árangur skólakerfisins byggist því fyrst og fremst á vel menntaðri og áhugasamari fagstétt kennara. Menntun, þekking, viðhorf og siðferði kennara leggur grunninn að fagmennsku þeirra. Fagmennska kennara snýr að nemendum, menntun þeirra, líðan og velferð ásamt því að vinna í samstarfi við aðra kennara og starfsmenn af fagmennsku. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að að mennta og miðla þekkingu heldur einnig að gefa nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar á eigin spýtur, efla frjóa og skapandi hugsun og skapa jákvætt viðhorf til náms og þekkingarleitar. Kennarar leitast einnig við að skapa góðan og jákvæðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. Kennarar starfa einnig samkvæmt siðareglum Kennarasambands Íslands og lögum um grunnskóla. Í 12. grein laga um grunnskóla segir:

„Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki“.

- **Sjá siðareglur kennara frá Kennarasambandi Íslands - [Siðareglur kennara](#)**

Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um ábyrgð og skyldur starfsfólks. Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að veita sem besta þjónustu og tryggja að markmiðum sé náð. Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir felast meðal annars í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna, virku upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnandi skal jafnan leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir viðtækri sátt um þau. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsmanna og stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið.

- **Sjá reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum – [Reglugerð](#)**

Verksvið starfsmanna

Skólastjóri

Grunnskólalög kveða á um skyldur skólastjóra:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Aðstoðarskólastjóri

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Tilgangur starfs: Að koma að stjórnun og rekstri skólans. Taka þátt í að þróa skólastarf og önnur störf sem fara fram innan skólans.

Ábyrgðarsvið: Að vera skólastjóra til aðstoðar við almenn stjórnunarstörf þannig að skólastarfið gangi eðlilega fyrir sig. Að sjá um daglega stjórnun skv. skipuriti.

Skólafélagsráðgjafi

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Sjá starfslýsingu skólafélagsráðgjafa [hér](#)

Umsjónarmaður skólahúsnæðis

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Sjá starfslýsingu umsjónarmanns [hér](#)

Ritari

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Markmið

Ritari hefur umsjón með skrifstofu Borgaskóla og tekur einnig þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans. Hann starfar undir stjórn skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Ábyrgð

Ritari ber fyrst og fremst ábyrgð í samræmi við það sem fram kemur um helstu verkefni. Verkefni þurfa að vera unnin á tilsettum tíma.

Samskipti:

Ritari skal leitast við að hafa góð tengsl og samvinnu við starfsfólk skólans, nemendur og foreldra. Hann skal gæta þagmælsku og trúnaðar í störfum sínum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Helstu verkefni ritara eru:

- sinnir símavörslu
- sinnir almennum skrifstofustörfum
- aðstoðar stjórnendur við að leysa forföll
- hefur umsjón með persónumöppum nemenda og starfsfólks,
- sér um að samþykkja reikninga
- heldur utan um nemendaskrá
- sér um slysaskráningu
- sinnir öðrum þeim störfum sem skólastjóri og aðrir stjórnendur fela ritara.

Umsjónarkennari

Í lögum um grunnskóla (nr. 91, 2008) er kveðið á um að hlutverk umsjónarkennara sé að fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla þannig að því að efla samstarf heimila og skóla.

Umsjónarkennari hefur m.a. eftirfarandi hlutverk:

- Leitast við að vera í góðu sambandi við nemendur og foreldra þeirra.
- Er trúnaðarmaður sem nemendur geta leitað til með vandamál sem snúa að náminu, skólanum og öðru. Hann leysir á eigin spýtur smærri vandamál en leitar samráðs um önnur eða kemur þeim í réttan farveg.
- Er talsmaður nemenda við stjórnendur, aðra kennara, starfsmenn og nemendaverndarráð.
- Leitast við að skapa góðan bekkjaranda, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi.

- Fylgist með skólasókn og vinnur samkvæmt verkferlum um skólasókn.
- Skipuleggur nemenda- og foreldraviðtöl og hefur tiltækar upplýsingar frá öðrum kennurum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd bekkjarkvölda, vettvangsferða og annarra viðburða í bekkjarstarfinu í samstarfi við annað starfsfólk skólans og foreldra eftir því sem við á hverju sinni.
- Annast skýrslugerð, einkunafærslur og afhendingu einkunna.
- Kynnir nemendum skólareglur og ræðir þær.

Trúnaðarmenn

Hlutverk trúnaðarmanns er að vera tengiliður milli stéttarfélags og vinnustaðar. Hann er talsmaður stéttarfélagsins á vinnustaðnum og fylgist með því að kjarasamningum sé framfylgt. Starfsmenn geta leitað til trúnaðarmanns með umkvörtunarefni og hann er tengiliður við atvinnuveitanda í þannig málum. Það er einnig hlutverk trúnaðarmanns að kynna nýjum starfsmönnum þeirra réttindi, starfskjör og starfsemi stéttarfélagsins.

Trúnaðarmaður kennara fyrir skólaárin 2024-2025 og 2025-2026 er: Árný Elsa Lemacks.
Varatrúnaðarmaður er Brynja Sigurðardóttir.

Trúnaðarmaður Sameykis er Kristbjörg Lilja Jóhannesdóttir.

Símenntun starfsmanna/starfsþróun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Framkvæmd símenntunar/starfsþróunar veturinn 2024-2025:

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólustjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Í kjarasamningi kennara segir m.a. um starfsþróun og starfsþróunaráætlun í kafla 13:

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs.

- Símenntunaráætlun er unnin árlega.

Skólustjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, þróunaráætlun og óskum starfsfólks sem fram koma í starfsþróunarviðtölum.

Áhersluatriði í símenntunaráætlun 2024-2025

- Skólaþróunarvinna með hliðsjón af aðalnámskrá og þá einkum áherslu á leiðsagnarnám og leiðsagnarmat.
- Endurskoðun skólanámskrár.
- Skólaþróunarvinna tengd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Skólaþróunarvinna tengd tækni, nýsköpun og list- og verkgreinum í samstarfi við Mixtúru.
- Skólaþróunarvinna tengd Grænfána verkefni.
- Skólaþróunarvinna tengd þróunarverkefninu Tengjumst öll í gegnum leik.
- Skólaþróunarvinna tengd forvarnaráætlun Borgaskóla gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi gagnvart börnum.
- Skólaþróunarvinna tengd Heilsueflandi grunnskóla.
- Þróunarverkefni um innra mat með grunnskólum í Austur.
- Fræðsla um áfallamiðaða nálgun í skólastarfi.
- Skyndihjálparnámskeið.
- Námskeið fyrir nýráðna starfsmenn um helstu áhersluatriði skólans um teymisvinnu og einnig kennsla á netkerfi skólans og pósthótt.
- Kennarar sækja námskeið sem falla að eigin starfsþróun bæði í sumarsmiðjum og á Menntafléttu á vegum SFS, ásamt námskeiðum á [torginu](#).

Skipulag skólaársins

Skóladagatal

Hér gefur að líta skóladagatal Borgaskóla 2024-2025.

Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí.

Skóladagar

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir skóladagar 10 talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir. Sveigjanlegir skóladagar eru tíu á skólaárinu 2024-2025 í Borgaskóla, ásamt tveimur dögum sem ætlaðir eru til foreldra- og nemendaviðtala. Skólasetning, jólaskeppanir, uppskeruhátíð, öskudagur og íþrótt- og útivistardagar teljast sveigjanlegir skóladagar.

Samstarfsdagar

Samstarfsdagar kennara eru 13 þar af 5 á starfstíma skólans. Á samstarfsdögum vinna kennarar að sameiginlegum verkefnum, skólaþróunarverkefnum og samstarfi er lýtur að skólastarfinu.

Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í Borgaskóla er:

- 1.400 mínútur í 5.-7. bekk
- 1.200 mínútur í 1.-4. bekk

Vikulegur starfstími nemenda í Borgaskóla er samfelldur með eðlilegum hléum.

Kennslustundafjöldi nemenda ef kennslustund er 40 mínútur:

- 1. – 4. bekk er hann 30 stundir á viku
- 5. – 7. bekk er hann 35 stundir á viku

Prófadagar

Engir sérstakir prófdagar eru í Borgaskóla.

Vettvangsferðir

Ef ferðir eru farnar á skólatíma og þær skipulagðar af skólanum eru þær nemendum að kostnaðarlausu. Ferðir sem skipulagðar eru af foreldrum og foreldrafélagi eru ekki greiddar af skólanum. Í vettvangsferðum gilda skólareglur.

Vísað er til 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, varðandi gjaldtöku vegna vettvangsferða, en þar segir:

„Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda.“

Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði.

Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólstarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum.

Foreldra-og nemendaviðtöl

Leiðarljós foreldra- og nemendaviðtala er að foreldrar og kennari eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og viðtölin eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Nemendur læra að bera ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja viðtalið í samráði við kennara og foreldra.

Unnið verður áfram að þróun nemendastýrðra viðtala í Borgaskóla. Foreldra- og nemendaviðtalsdagar eru 2. október og 7. febrúar skólaárið 2024-2025.

Skipulag kennslu

Í skólanum er áhersla lögð á einstaklings- og hópamiðað nám. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennslan hjálpar nemendum að tileinka sér þekkingu, skilning og færni á tilteknum sviðum.

Í skólstarfinu er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda.

Í Borgaskóla fer fram leiðsagnarnám, sjá það sem fram kemur um leiðsagnarnám á heimasíðu og í kaflanum um stefnu skólans.

Allt starf skólans byggir á áherslum í [aðalnámsskrá grunnskóla](#) og [menntastefnu Reykjavíkur](#).

Stundaskrár

Allar stundaskrár nemenda er hægt að sjá í [Mentor](#).

Skipulag

Við skipulag náms og kennslu í skólanum er nemandinn ávallt í öndvegi þar sem megináherslan er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu. Nauðsynlegt er að þetta tvennt fari saman enda á hvorugt að geta verið án

hins í þróttmiklu grunnskólastarfi. Fjölbreytni námsgreina er mikil og áhersla á að hver og einn fái notið sín og ræktað hæfileika sína.

Skipulag 1.-4. bekkur

Umsjónarkennarar sinna meirihluta kennslunnar á þessu aldurstigi en faggreinakennsla er í íþróttum, sundi, leiklist, tónmennt og list- og verkgreinum.

Skipulag kennslu og umsjónar í 1.–4. bekk er þannig háttað að utan um hvern árgang halda tveir umsjónarkennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á starfinu í árganginum. Þeir vinna saman að skipulagi náms og tengslum heimilis og skóla.

Mikið er lagt upp úr hreyfingu og list- og verkgreinum.

Fjórar list- og verkgreinar eru kenndar í lotum í 1. - 4. bekk og eru það smíði, textíll, myndmennt og heimilisfræði. Leiklist, íþróttir, sund, tónmennt og upplýsingamennt er kennd samkvæmt stundaskrá allt skólaárið.

Skipulag 5. – 7. bekkur

Skipulag kennslu og umsjónar í 5.–7. bekk er þannig háttað að utan um hvern árgang halda tveir umsjónarkennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á starfinu í árganginum og tengslum heimilis og skóla. Í 5.–7. bekk kenna viðkomandi umsjónarkennarar allar bóklegar greinar.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum. Þær skiptast í smíði, textíl, heimilisfræði og myndmennt.

Á skólaárinu 2024-2025 er boðið upp á fjölbreytt val í 5.-7. bekk sem nemur 2 kennslustundum á viku.

Íþróttir, tónmennt, sund og upplýsingamennt er kennd samkvæmt stundaskrá allt skólaárið í 6. -7. bekk en í 5. bekk er upplýsingamennt samþætt annarri kennslu.

Mikið er lagt upp úr hreyfingu og heilbrigðum lífsháttum í skólanum og fara allir nemendur í útvist daglega.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Þegar nemendur erlendis frá hefja nám við skólann fer fram móttökuvíðtal. Móttökuvíðtalið sitja foreldrar, nemandi, túlkur, fulltrúi skóla, fulltrúi frá þjónustumiðstöð, fulltrúi frá frístundamiðstöð og aðrir þeir sem nauðsyn er talin á að sitji viðtalið. Afar mikilvægt er að foreldrar sitji viðtalið en ekki skyldmenni eða vinir og að fenginn sé túlkur í öll viðtöl.

Útskýrt er í viðtalinu hvernig fyrirkomulag þjónustunnar við nemandann er fyrstu vikurnar í skólanum. Þá er starf félagsmiðstöðvarinnar kynnt auk þess sem fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar kynni þjónustuna þar og þá þjónustu sem boðið er upp á í hverfinu.

[Hér](#) má sjá gátlista í móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál sem skólinn vinnur eftir.

Móttökuáætlun

[Hér](#) er endurskoðuð áætlun um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla og frístundastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Áætlunin er sett fram í stiklutexta sem merkir að nánari skýringar er að finna þegar smeltt er á feitletruðu orðin í textanum. Áætlunina má einnig finna síðar í starfsáætlun. Pálína Þorsteinsdóttir sérkennari heldur utan um sérkennslu barna með annað móðurmál en íslensku í Borgaskóla. Pálína skipuleggur íslenskunámið í samstarfi við umsjónarkennara út frá stöðumati á íslensku kunnáttu nemenda.

Íslenska sem annað mál

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við nemendur af íslenskum sem erlendum uppruna. Námsgreinin íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn. Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, menningarfærni, skólamál og námsfærni. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið er mið af aldri og stöðu nemendanna hverju sinni.

Markmið kennslunnar er að nemandi verði fær um að nota íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum og sem grunn undir frekara nám og:

- Noti íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilji aðra
- Noti íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda
- Hafi þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna
- Geti leikið sér með málið og prófað tilgátur um mál og málnotkun
- Geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska

Þrepaskipt þjónusta í þágu farsældar barna

Unnið er eftir lögum um þrepaskipta þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 1. janúar 2022.

Tengiliður farsældar er Bryndís Rut Óskarsdóttir skólafélagsráðgjafi. Kennarar starfa eftir ákveðnu ferli í flestum málum er varða nemendur. Fyrst er horft til hvaða vanda nemandi er í og í flestum tilfellum er hægt að nýta sér verkfærakistu skólans sem fyrsta skref. Þegar um bráðamál er að ræða er sótt um það í samstarfi við stjórnendur. Næsta skref er lausnateymi skólans sem skipað er kennsluráðgjafa og hegðunarráðgjafa frá Austurmiðstöð, aðstoðarskólustjóra, skólafélagsráðgjafa, atferlisfræðingi, fulltrúa frá frístundaheimili og félagsmiðstöð. Í kjölfarið á íhlutun lausnateymis er næsta snerting nemendaverndarráð ef enginn árangur næst. Nánari upplýsingar um þrepaskipta þjónustu er að finna [hér](#).

Náms- og kennsluáætlanir

Kennarar vinna kennsluáætlanir út frá hæfniviðmiðum skólanámskrár. Þar kemur fram hvenær ákveðin þemaverkefni eru unnin, hvenær ákveðnir námsþættir eru teknir fyrir, námsefni, námsgögn og námsmat.

Náms- og kennsluáætlanir eru unnar í Mentor og hægt að nálgast þær á heimasíðu skólans (heimasíða liggur niðri sem stendur).

Stefna skólans í heimanámi

Heimanám gefur foreldrum kost á að fylgjast með námi barna sinna. Allir nemendur eru með lestrarhefti til þess að halda utan um heimalestur, á miðstigi er skráning ýmist skrifleg eða rafræn.

Heimavinnuáætlanir og helstu fréttir af starfi allra hópa eru aðgengilegar á mentor eða í rafrænu kennsluumhverfi á Google.

Menntastefna Reykjavíkur

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum

samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnstefum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur

Í Borgaskóla verður horft til þess að viðhalda því öfluga starfi sem fyrir er í skólanum og hlúa vel að þeirri námsmenningu sem einkennist af vaxandi hugarfari. Dregin verða fram áherslur þættir heilsustefnu skólans og þá sérstaklega að efla jákvæða vitund um gildi hreyfingar og heilsusamlegra lífshátta nemenda og starfsfólks. Á skólaárinu 2024-2025 verða sérstaklega dregin fram eftirfarandi áherslur þættir Menntastefnunnar; sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Lögð verður áhersla á eftirfarandi markmið:

- Að allir nemendur og starfsmenn temji sér vaxandi hugarfar.
- Að efla þrautseigju nemenda.
- Að allir nemendur upplifi sig sem hluta af hóp.
- Að nemendur séu meðvitaðir um að hreyfing og heilbrigður lífsstíll sé hluti af daglegu starfi skólans.
- Að styrkja samvinnu kennara um leiðsagnarnám.
- Að nemendur nái enn betri árangri í lesfimi og lesskilningi.
- Að gefa sköpun meira svigrúm í öllum námsgreinum.
- Að nemendur fái tækifæri til nýsköpunar.
- Að vekja athygli og áhuga nemenda á umhverfinu og náttúrunni.
- Að hvetja nemendur til að vernda náttúruna.

Ávinningur nemenda er betri líðan í námsumhverfi sem einkennist af sjálfsefningu, heilbrigðari lífsstíl og bættum námsárangri.

Horft er sérstaklega til jafningjafræðslu, utanaðkomandi fræðslu, menntabúða og uppskeruhátíða. Með jafningjafræðslu er skapaður vettvangur þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru, miðlar þekkingu sín á milli og styrkir um leið samvinnu. Þetta er gert bæði með opnum kennslustofum, vinnusmiðjum og menntabúðum. Utanaðkomandi fræðsla um leiðir til þess að efla nemendur og félagsfærni þeirra.

Tímaáætlun:

Nóvember, febrúar og maí – opnar kennslustofur/vinnusmiðjur.

Ágúst, október, janúar og mars – stuttir kynningarfundir, örnámskeið og menntabúðir.

Utanaðkomandi fræðsla eftir þörfum á skólaárinu.

Við mat á verkefninu verða notaðir gátlistar um innleiðingu menntastefnu frá SFS einkum þá er varða sjálfsefningu, læsi, heilbrigði og sköpun. Stuðst verður við niðurstöður Skólapúlsins ásamt niðurstöðum úr lesfimi-, lesskilnings og læsisprófum. Einnig verða nýttir gátlistar um góða kennslustund í Borgaskóla; gátlistar um leiðsagnarnám frá Nönnu K. Christensen ásamt gátlistum Grænfána verkefnisins. Einnig verður stuðst við áætlun Unicef-skóla.

Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur

Borgaskóli tekur þátt í þróunarverkefni með grunnskólum í Austurhverfi um innra mat, Saman komumst við lengra. Teknir eru fyrir gæðagreinar MMS, tveir í senn á hverju skólaári og út frá mati starfsfólks er gerð umbótaáætlun. Stýrihópur heldur utan um innleiðingu verkefnisins, þar sem reglulegar vinnustofur eru haldnar. Starfsfólk tekur þátt í matsfundum tvisvar sinnum á skólaárinu og sér þróunarteymi Borgaskóla um innleiðingu verkefnisins í skólanum.

Einnig er unnið að því að Borgaskóli verði öflugur nýsköpunarskóli, unnið er að því að koma upp öflugu og vel búnu tækniveri. Þar verður aðstaða fyrir hljóðver og myndvinnslu og þörf er á að fá tæki og tól til þess að vinna með. Þar eiga nemendur að geta unnið að margmiðlun, hljóð og myndvinnslu og forritun og er þessi vinna í samstarfi við list- og verkgreinar. Unnur Jónsdóttir heldur utan um starfið og hún ásamt Signý Traustadóttur leiða nýsköpunarteymi skólans en skólinn er þátttakandi í Mixinu; fjölbreytt og skapandi vinna í smíðjum, þróunarverkefni á vegum Mixtúru sem styrkt er af Sprotasjóði. Borgaskóli er einnig þekkingarskóli í leiðsagnarnámi og er í samstarfi við Engjaskóla, Dalskóla, Hamraskóla, Hlíðaskóla og Víkurskóla um þróun skólastarfs í anda leiðsagnarnáms. Þá er Borgaskóli Réttindaskóli Unicef og Grænfánaskóli.

Þróunarverkefnið Tengjumst öll í gegnum leik hefst á skólaárinu í samstarfi við Frístundaheimilið Hvergiland, Félagsmiðstöðina Vígyn, leikskólana Hamra og Hulduheima, Borgarbókasafnið í Spöng, Þjóðminjasafnið með ráðgjöf frá Miðju máls og læsis. Í þróunarverkefninu er horft til farsældar barna og ungmenna í nærumhverfi Borgaskóla í Grafarvogi. Megin markmiðið með verkefninu er að auka tengsl barna og ungmenna við samfélag sitt og að það sé gert í gegnum leik með vaxandi hugarfar og skapandi hugsun að leiðarljósi, þannig að félagsfærni barna verði eflað til muna. Horft er til fjölbreytts og fjöltyngds barnahóps og að öll börn á aldrinum 5-12 ára í nærumhverfi Borgaskóla verði þátttakendur í verkefninu.

Lagt er upp með að verkefnið teljist til verndandi þátta í lífi barna og ungmenna með því að mynda fjölbreyttan vettvang til tengslamyndunar við samfélagið. Niðurstöður rannsókna (t.d. Hirchi, 1969 og Jón Gunnar Bernburg, 2004) hafa leitt í ljós mikilvægi tengslamyndunar barna og að öll börn upplifi sig sem hluta af heild. Takist börnum að mynda tengsl við samfélag í barnæsku er líklegt að tengslin haldist fram á fullorðinsár. Tengsl við samfélag á fullorðinsárum eru mikilvæg, þar sem einstaklingur með rofin tengsl við samfélag er líklegri til að brjóta gegn lögum og reglum þess en einstaklingur sem hefur myndað tengsl við samfélag.

Verkefnið verður unnið þannig að brú verður byggð frá leikskóla yfir í grunnskóla og frístundaheimili með reglulegum heimsóknum elstu barna yfir skólaárið þar sem farið verður inn í kennslustundir hjá umsjónarkennurum, list- og verkgreinakennurum, í útiveru, í frístundaheimilið, á bókasafn og mynduð tengsl við verðandi vinabekk í skólanum. Gagnkvæmar heimsóknir eru allt skólaárið þar sem markmiðið er að tengsl myndist á milli barna í leik- og grunnskóla. Aðferðir leiðsagnarnáms um vaxandi hugarfar og námsmenningu verða til hliðsjónar.

Í grunnskólanum, frístundaheimilinu og félagsmiðstöðinni verður einnig unnið með tengsl í gegnum leik og skapandi hugsun í þverfaglegu samstarfi leik- og grunnskólakennara, frístundaleiðbeinenda og frístundaráðgjafa, safnkennara á Borgarbókasafninu í Spöng og safnkennara á Þjóðminjasafninu með ráðgjöf frá Miðju máls og læsis og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Verkefnið tengist öllum stöðum Menntastefnu til 2030 á þann hátt að í verkefninu hverfist nærsamfélagið utan um stóran barnahóp þar sem horft er á verkefnið út frá styrkleikum allra barna og jöfnum tækifærum fyrir öll börn (stoð 1), fagmennsku og samstarfi fagstétta (stoð 5), verkefnið hafi forvarnargildi og leiðir af sér vellíðan fyrir börn (stoð 4). Skapandi hugsun er rauður þráður í verkefninu og á við stoðir 2 og 3. Sérstaklega verður horft til þess að öll börn séu þátttakendur og styrkleikar barnahópsins, með

fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, verði virkjaðir í gegnum leik. Lögð er áhersla á virka þátttöku og að raddir allra barna fái að heyrast.

Horft verður á dag barnanna sem eina heild, starfsfólk í þverfaglegri samvinnu vinnur saman á gólfi og í sitthvoru lagi með barnahópa. Unnið er eftir eftirfarandi markmiðum:

- Efla tengsl barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn við samfélag sitt í gegnum nám og leik.
- Auka þverfaglegt samstarf fagstétta börnum til heilla.
- Nýta leik til þess að efla skapandi hugsun og félagsfærni
- Auka þekkingu fagstétta og barna á menningarlæsi og menningarfærni

Afurðum verkefnisins verður miðlað án endurgjalds á heimasíðu verkefnisins ásamt því að starfsfólk getur kynnt verkefnið fyrir öðrum starfstöðum. Einnig verður verkefnið birt á heimasíðu Menntastefnu Reykjavíkur og Miðju máls og læsis.

Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skólinn á samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá árinu 2008 að framkvæma mat á skólastarfinu árlega og eiga skýrslur og áætlanir um umbætur þess efnis að vera birtar opinberlega.

Áætlun um innra mat

Í Borgaskóla er áhersla á að fylgjast vel með innra starfi skólans og bregðast við því sem betur má fara eins fljótt og unnt er. Innra mat þarf að vera liður í daglegu skólastarfi og matið er í gangi allt árið, niðurstöður koma því jafnt og þétt inn allt árið og er umbótaáætlun unnin árlega út frá niðurstöðum innra mats. Niðurstöður eins og úr Skólapúlssi, lesfimi og öðrum skimunum eru teknar til umfjöllunar um leið og þær liggja fyrir á kennarafundum/teymisfundum.

Borgaskóli nýtir Bravo Lesson til þess að halda utan um innra mat og er í samstarfi við grunnskólana í Austur um þróun innra mats, líkt og áður segir. Þróunarteymið ásamt stjórnendum heldur utan um vinnu við innra mat

Sjálfsmatsáætlun skólanna er unnin út frá gæðagreinum MMS. Á næsta skólaári verða teknir fyrir eftirfarandi gæðagreinar:

2.3 Gæði kennslu

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Eftirfarandi atriði í innra starfi skólans eru rýnd reglulega:

- Sýn, starfshættir, starfsþróun
- Samantektir v. þróunarverkefna.
- Samantekt á niðurstöðum lesfimiþrófa.
- Matsfundir á starfsmannafundum 2 x á skólaárinu þar sem teknir eru fyrir ákveðnir gæðagreinar.
- Innlit í kennslustundir og samtal stjórnenda og kennara í kjölfarið í marsmánuði. Þar sem rýnt er hvort markmiðum leiðsagnarnáms og viðmiðum um góða kennslustund í Borgaskóla sé fylgt.
- Mat á einstökum viðburðum eins og t.d. öskudegi jafnt og þétt yfir skólaárið
- Símenntunaráætlun og einstaklingsáætlanir um símenntun.
- Niðurstöður lesfimiþrófa.
- Niðurstöður lesskilningsþrófa, Orðarún.
- Niðurstöður Lesmáls.
- Viðhorf og líðan nemenda eru rýnd:
- Skólalámsinn kannar viðhorf og líðan nemenda sem hægt er að bera saman við niðurstöður úr öðrum grunnskólum. Niðurstöður eru greindar og brugðist við þeim jafnt og þétt.

Íslenska Æskulýðsrannsóknin er lögð fyrir nemendur í 4.-7. bekk og gefur vísbendingar um líðan nemenda.

- Niðurstöður úr foreldra- og nemendaviðtölum þar sem nemendur setja sér félagsleg markmið og námsmarkmið, árangur er síðan metinn í samvinnu við foreldra og kennara.
- Viðhorf og líðan starfsmanna eru könnuð í stofnun ársins.
- Viðhorfakönnun foreldra SFS
- Fundir í skólaráði
- Fjármál skólans eru rýnd reglulega: Skólastjóri ber ábyrgð á fjárhagsáætlun skólans og greinir mánaðarlega fjárhagsstöðu skólans.
- Öryggis- og vinnuverndarmál
- Ritari, umsjónarmaður húsnæðis og skólastjórnendur safna gögnum í vinnuumhverfisvísi Heilbrigðiseftirlits.

Heildarmat

Í lok skólaársins sjá skólastjóri og aðstoðarskólastjóri um að taka niðurstöður saman í sjálfsmatskýrslu sem unnin er út frá umbótaáætlun.

Ytra mat á skólanum

Ekki hefur verið unnið ytra mat á skólastarfinu.

Umbótaáætlanir skólans

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá innra mati fyrir skólaárið 2023-2024, sjá [sjálfsmatskýrslu](#) og [umbótaáætlun](#).

Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast auknið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Foreldrar geta leitað stuðnings hjá þjónustumiðstöðvum við lausn mála sem tengjast skólastarfi, en þar starfa meðal annarra kennsluráðgjafar og sálfræðingar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

[Heimili og skóli](#) hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða lýst. Hér getur þú [nálgast Handbók foreldrafélaga grunnskóla](#) sem pdf skjal.

Stefna skóla í foreldrasamstarfi

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þennan þátt þarf að rækta enda þekkja foreldrar börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þörf á og á sama hátt mun skólinn hafa samband ef þurfa þykir. Við megum aldrei gleyma því að foreldrar eru sterkasti mótunaraðili barnanna og hafa ótvíræð áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Rannsóknir sýna að nemendur sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilisins til skólans standa sig yfirleitt betur í námi og fara út í lífið með jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skólans. Með þessu er ekki verið að segja að foreldrar eigi að sleppa allri gagnrýni, þvert á móti, þeir eiga að skipta sér af og tala þá beint við starfsfólk skólans. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum sínum að sýna kurteisi í garð annarra og koma heiðarlega fram.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar eru fjölbreyttar upplýsingar um markmið og tilgang foreldrasamstarfs í grunnskólum, sjá [hér](#).

Foreldrafélag

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldrafélag [samkvæmt 9. gr. laga um grunnskóla, 91/2008](#). Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag Borgaskóla var stofnað í febrúar 2021 og hefur sett sér starfsreglur. Á stofnfundi var Helena Konráðsdóttir kosin formaður, einnig voru valdir fulltrúar í stjórn og í skólaráð. Hver skóli setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Í [aðalnámskrá grunnskóla](#) kafla 14.2 má sjá frekari upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldrafélaga.

Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags

Formaður Foreldrafélags Borgaskóla er Karitas Dan Þórarinsdóttir

Kynning, lög og starfsreglur

Foreldrafélag Borgaskóla hefur sett sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð, sjá [heimasíðu Borgaskóla](#) (ekki virk sem stendur). Horfa þarf til þess að skilaboð og

upplýsingar berist til foreldra í gegnum Mentor og fb síðu foreldrafélagsins. Hafa þarf í huga að foreldrar af erlendum uppruna séu þátttakendur í viðburðum á vegum foreldrafélags.

Verkefnaskrá

Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags.

Foreldrafélagið stendur fyrir þremur viðburðum á skólaárinu í samstarfi við skólann, frístundaheimilið og félagsmiðstöðina; Hausthátíð, Páskabingó og Vorhátíð.

Bekkarfulltrúar skipuleggja samveru nemenda utan skólatíma a.m.k. tvisvar sinnum á skólaárinu.

Bekkarfulltrúar og bekkjarstarf

Á fundi með foreldrum eru valdir tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar foreldra í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Bekkarfulltrúar og umsjónarkennarar eru í virku og góðu sambandi.

Bekkarfulltrúar, ásamt stjórn félagsins, mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Fulltrúaráð ber ábyrgð á að val bekkjarfulltrúa fari fram. Gengið er frá kjöri bekkjarfulltrúa næsta skólaárs fyrir aðalfund foreldrafélagsins. Tveir fulltrúar forráðamanna úr hverjum árgangi eru kosnir til tveggja ára í senn.

Nöfn og netföng bekkjarfulltrúa

Nemendafélag skóla

Í lögum um grunnskóla, [91/2008](#), segir í 10. gr. um starfsemi nemendafélaga við grunnskóla:

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Stjórn nemendaráðs veturinn 2024-2025

Stjórnin er skipuð 2-4 fulltrúum úr hverri bekkjardeild í 5-7. bekk eða alls 8 fulltrúum nemenda sem skipta með sér verkum eftir verkefnum hverju sinni.

Antonía og Viktoría (Helena C. til vara) í 5. bekk

Sunna og Viktor í 6. bekk

Gunnsteinn og Klara í 7. bekk

Viðburðir og hefðir í félagsstarfi

Nemendafélagið hefur það meginmarkmið að efla félagsleg tengsl í skólanum og vinnur að því í samstarfi við kennara og félagsmiðstöð. Einnig vinna fulltrúar nemenda að undirbúningi nemendapínga ásamt réttindaráði.

Skólareglur og skólabragur

Í aðalnámskrá grunnskóla segir í kaflanum um skólabrag að nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi þ.á.m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi auk skilnings á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að

umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og bera ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi.

Skólareglur eru unnar með hliðsjón af og í samræmi við [14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008](#) og [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og [verklagsreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda](#).

Markmið þessara verklagsreglna er að:

- Benda á ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman almenn viðmið um skólareglur í grunnskólum sem sjá má [hér](#).

Skólareglur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er sá að hver og einn virði náunga sinn sem og sjálfan sig. Mikilvægt er að allir í skólastarfinu hafi tækifæri til að stunda vinnu sína án truflunar og áreitis annarra. Starfsmenn, nemendur og foreldrar skulu kynna sér skólareglur skólans en ítarlegar upplýsingar um skólareglurnar má sjá á heimasíðu. Skólareglur skólans eru endurskoðaðar á hverju ári. Þær eru kynntar foreldrum á kynningarfundum ásamt því að umsjónarkennarar fara yfir þær með nemendum sínum við upphaf skólaárs.

Skólareglur Borgaskóla

Skólareglur Borgaskóla eru fyrst og fremst jákvæðar leiðbeiningar fyrir nemendur um hvernig á að haga sér í skólasamfélagi. Markmiðið er að skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi.

Almenn umgengi, samskipti og háttsemi:

Við í Borgaskóla:

- Komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi í samskiptum við alla í skólanum.
- Göngum vel um bæði úti og inni og förum vel með eigur skólans, eigin eigur og annarra.
- Förum úr skóm í anddyri og setjum í skóhillur. Hengjum yfirhafnir á snaga fyrir utan kennslustofur, það er góð regla að setja húfur og vettlinga inn í ermar.
- Erum á skólalóðinni á skólatíma.
- Geymum hjól og hlaupahjól við hjólagrindur á skólatíma. Við notum ekki hjól, hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta á skólalóðinni á skólatíma af öryggisástæðum.
- Við göngum um ganga skólans til þess að forðast slys.
- Við leikum okkur ekki með bolta innandyra.
- Við förum eftir umgengisreglum í matsal
- Snjókast er aðeins leyfilegt á afmörkuðum svæðum á skólalóð, þ.e. einungis austan við íþróttahús.
- Berum sjálf ábyrgð á þeim fjármunum eða verðmætum sem við komum með í skólann. Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum né fjármunum.

- Höfum slökkt á eigin raftækjum á kennslutíma. Notkun síma, myndavéla eða upptökutækja er óheimil í skólahúsnæðinu, á útisvæði, í skólabíl og í vettvangsferðum.
- Hvers kyns mynda- og hljóðupptökur eru óheimilar í skólahúsnæði Borgaskóla nema með sérstöku leyfi kennara eða skólastjórnenda.
- Líðum ekki andlegt né líkamlegt ofbeldi.

Ferill varðandi umgengni og samskipti:

- Starfsmaður ræðir við nemanda sem fær tækifæri til að bæta ráð sitt og koma með tillögu að því sem betur hefði mátt fara.
- Ef nemandi fer ekki eftir fyrirmælum og breytir ekki hegðun sinni við ábendingu starfsmanns er atvikið skráð í Mentor og umsjónarkennari fer yfir málið með nemanda.
- Ef nemandi er vísað úr aðstæðum skal hann bíða á skrifstofu skólans þar til viðkomandi kennari hefur tækifæri til að leysa málin með honum. Ef viðunandi niðurstaða næst ekki skal kennari vísa málinu til umsjónarkennara/stjórnanda og upplýsa foreldra.
- Nemandi sem sætir þessum viðurlögum kemst aftur inn í kennslustund þegar hann er tilbúinn að bæta ráð sitt og hefur rætt við kennarann.
- Nemandi sem verður uppvís að notkun síma eða annarra upptökutækja skal vísað úr tíma til stjórnanda eða afhenda kennara tækið til varðveislu á skrifstofu skólans. Nemandi fær tækið afhent í lok skóladags en ef um annað brot er að ræða þarf foreldri að sækja tækið í skólann.
- Ef ekki næst viðunandi lausn er kallað eftir því að foreldri sæki viðkomandi nemanda í skólann. Fundað er með forráðamanni áður en nemandi kemur aftur til skóla. Á fundi með skólastjórnanda, umsjónarkennara, viðkomandi kennara og forráðamanni þarf nemandinn sjálfur að lýsa vilja sínum til að koma aftur í skólann og gera bragarbót. Taka þarf tilliti til aldurs og þroska nemandans.
- Skólastjóri getur vísað nemanda úr skóla í allt að fimm daga vegna alvarlegra brota.
- Ef um ótímabundinn brottrekstur er að ræða taka skólayfirvöld (SFS) við máli nemandans.

Stundvísi og ástundun náms:

- Mætum stundvíslega í kennslustundir með nauðsynleg gögn meðferðis.
- Foreldrar / forráðamenn tilkynna skólanum um forföll hvern dag sem nemandi er frá vegna veikinda eins fljótt og auðið er. Forráðamenn geta einnig skráð veikindi beint inn í mentor.is.
- Öll forföll, sem ekki eru tilkynnt samdægurs, teljast fjarvistir.

Ferill varðandi stundvísi og ástundun náms

Sjá [samræmdar reglur](#) um skólasókn og ástundun nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.

Hollusta og heilbrigðar lífsvenjur:

- Berum umhyggju fyrir eigin heilsu og höfum jákvæð áhrif á aðra. Virkni, metnaður og þátttaka skila bestum árangri.
- Þvóm hundur áður en við borðum bæði í nestistíma og hádegi.
- Hugum að hollri næringu og neytum alltaf hollrar fæðu í skólanum.
- Virkjum skynsemina og notum hjálma og endurskinsmerki.
- Mætum vel sofin í skólann.
- Sýnum jörðinni/umhverfinu umhyggju og tökum virkan þátt í mikilvægum umhverfisverkefnum.
- Notkun tóbaks og annarra ávana- og fíkniefna er með öllu óheimil í eða við skólann eða nokkurs staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans. Sömu reglur gilda um allar rafrettur.

Ferill varðandi hollustu og heilbrigðar lífsvenjur:

- Ef nemandi kemur ítrekað með óhollt nesti og/eða ef nemandi er ítrekað vansvefta hefur umsjónarkennari samband við forráðamann og bendir á mikilvægi hollrar fæðu og hvíldar fyrir grunnskólabörn.
- Ef ástand breytist ekki þrátt fyrir tilmæli umsjónarkennara er máli vísað til nemendaverndarráðs.
- Sælgæti og gos er gert upptækt.
- Ef nemandi verður uppvís að neyslu hvers konar tóbaks og/eða annarra ávana- og fíkniefna er honum vísað heim og mætir ásamt forráðamanni til fundar við stjórnanda næsta skóladag.
- Farið er eftir Verklagsreglum vegna þjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda (SFS og velferðarsvið sept. 2012) ef nemandi verður uppvís að neyslu fíkniefna.

Ferill varðandi alvarleg brot á skólareglum

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla sem má sjá [hér](#) og byggir Reykjavíkurborg verklag sitt á þeim og er vísað í þær að ofan.

Skólabragur

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsælliga þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólstarfið.

Allir umsjónarhópar vinna að gerð bekkjarsáttmála undir leiðsögn umsjónarkennara.

Viðbrögð við hegðunarfrávikum – agaferill Borgaskóla

Hrós! Nemandi fylgir fyrirmælum **Skýr fyrirmæli gefin**

Nemandi fylgir ekki fyrirmælum

Hrós! Nemandi fylgir fyrirmælum Athuga minni og skilning, ítreka fyrirmælin gefa tíma (mínúta eða tvær)

Nemandi fylgir ekki fyrirmælum

Hrós! Nemandi fylgir fyrirmælum Gefa 2 valmöguleika á lausn.
Gefa umhugsunartíma í eina til tvær mínútur.

Nemandi velur að fylgja ekki fyrirmælum og tekur afleiðingunum

Fylgja eftir!

1. stigs hegðunarfrávik

Leiðrétt/ leyst á staðnum.
Ef ekki/ skráð í Mentor.
Umsjónarkennari látinn vita.
Þras – ögrun – rifrildi
Truflar aðra
Gengur illa um
Snerting – potar – togar – ýtir
Hlaup – ráp

2. stigs hegðunarfrávik

Leiðrétt/ leyst á staðnum. Umsjónarkennari látinn vita, skráð í Mentor og foreldrar látnir vita.
Særindi – niðrandi orðbragð – hæðni - óhlýðni –
Neitar að fylgja fyrirmælum ósannsögli – svik – svindl – áreiti – hrekkir – stríðni – hótanir - slagsmál

3. stigs hegðunarfrávik

Alvarleg hegðun sem stofnar öryggi og vellíðan nemenda og/eða starfsfólks í hættu og leiðir til truflunar á eðlilegu skólastarfi.
Nemanda er vísað úr aðstæðum, lýkur skóladegi einn með starfsmanni eða er sendur heim með samþykki foreldra.
Umsjónarkennari hefur samband heim og foreldrar boðaðir á fund eins fljótt og hægt er.
Ofbeldi – líkamsárás – ógnandi hegðun – skemmdarverk - þjófnaður - vímuefnanotkun

Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Allar upplýsingar um skólann og skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans þ.m.t. upplýsingar um kynningar á skólastarfinu fyrir nýnema, nemenda- og foreldraviðtöl og aðra mikilvæga þætti fyrir skólastarfið auk áætlana. Athugið að heimasíða skólans liggur niðri sem stendur.

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 –15:00 mánudaga til fimmtudaga en frá kl. 8:00-14:30 á föstudögum.

Sími skólans er: 4117760

Netfang skólans er: borgaskoli@rvkskolar.is

Heimasíða skólans er: www.borgaskoli.is (heimasíða liggur niðri sem stendur)

Forfallatilkynningar og leyfi

Foreldrar eru beðnir að tilkynna forföll barna sinna eins fljótt og mögulegt er á skrifstofu skólans. Foreldrar geta einnig skráð sjálfir veikindi barna sinna inn á rafræna nemendaskrá, Mentor.

Tilkynna þarf veikindi daglega. Fari fjarvistir vegna veikinda fram yfir 10 daga á skólaárinu getur skólinn krafist vottorðs frá lækni.

Forföll starfsfólks

Starfsfólk tilkynnir forföll til stjórnenda skólans. Það getur verið erfitt að fá kennara til þess að kenna í forföllum, sérstaklega ef kennari forfallast fyrirvaralaust. Nemendur í 1. – 6. bekk hafa forgang í þessum efnunum og eru ekki sendir heim. Nemendur í 7. bekk eru sendir heim í einstaka tilfellum en slíkt er ekki gert nema ekki finnist önnur lausn.

Leyfi nemenda frá skólasókn

Ef nemendur þurfa leyfi í 1 dag hafa foreldrar samband við skrifstofu skólans.

Ef nauðsynlegt er að fá leyfi fyrir barnið í 2 daga eða lengur, þurfa foreldrar að sækja um það skriflega og hafa sérstaklega samráð við skólastjórnendur og umsjónarkennara.

Öll röskun á námi nemandans sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra. Foreldrum er góðfúslega bent á að óæskilegt er fyrir námsárangur nemenda að þeir séu frá skóla nema brýna nauðsyn beri til.

Borgaskóli vinnur eftir samræmdum skólasóknarreglum Reykjavíkurborgar.

Bókasafn/Tækniver

Skólasafnið og tækniver er staðsett á sama stað og er mjög aðgengilegt fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans. Það býður upp á marga spennandi möguleika, t.d. í tengslum við nýja tækni, upplýsingaleit og heimildavinnu.

Markmið og hlutverk

Skólasafnið og tækniverið starfa samkvæmt markmiðum úr aðalnámskrá grunnskóla fyrir upplýsingamennt, m.a. að nemendur geti aflað sér heimilda og upplýsinga úr bókum, tímaritum, dagblöðum, margmiðlunarefni og á veraldarvefnum og að geta nýtt sér þessar upplýsingar í

heimildavinnu. Auk þess er lögð áhersla á að nemendur kynnist vönduðum bókmenntum og temji sér góðar lestrarvenjur. Sjá nánar um markmiðin í aðalnámskrá grunnskóla.

Á opnunartímum geta nemendur lesið og fengið lánaðar bækur, fengið aðstoð við val á lestrarefni við hæfi og heimildaleit, unnið verkefni og hlustað á sögur og tónlist.

Aðstoð við þemavinnu

Bókasafnsfræðingur og kennari í upplýsingamennt vinna með nemendum og umsjónarkennurum þeirra í þemaverkefnum. Nemendur fá aðstoð við heimildaleit og heimildavinnu ásamt þjálfun í notkun ýmissa tölvuforrita og tækninýjunga.

Safnkostur

Skólasafnið er í stöðugri þróun og var safnið endurskipulagt skólaárið 2021 -2022. Á safninu eru skáldsögur, myndabækur og hljóðbækur til útláns, auk þess eru þar handbækur, fræðirit, tímarit og kennsluforrit. Nemendur eru hvattir til þess að fara vel með bækur og gögn safnsins og vera skilvísir.

Tækniver

Tækniver er staðsett á bókasafninu og er markmiðið að bæta tækjakost þannig að nemendur geti unnið í hljóðveri og að margmiðlunarverkefnum jöfnum höndum. Nemendur hafa chromebækur og spjaldtölvur til afnota sem nýttar eru til kennslu í skólastofum skólans, einnig eru geislakeri og þrívíddarprentari til notkunar á staðnum. Í skólanum er þráðlaust net.

Bókasafnið og tækniverið er nemendum opið á skólatíma.

Mötuneyti

Mötuneyti er rekið í skólanum í samstarfi við Skólamat. Allir nemendur í [grunnskólum borgarinnar](#) hafa aðgang að hádegismat í skólanum. Einnig er boðið upp á ávaxtaáskrift í Borgaskóla í stað nestis. Mataráskrift er gjaldfrjál.

Hér má sjá frekari upplýsingar varðandi [mötuneyti í grunnskólum](#).

Stoðþjónusta

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og Aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Þeir sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Við úthlutun sérkennslu- og stuðningsfulltrúatíma liggja greiningar, skimanir, námsmat og beiðnir umsjónarkennara og foreldra með rökstuðningi til grundvallar. Hér má sjá reglugerð um [nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#) og reglugerð um [sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum](#).

Sálfræðiþjónusta

Borgaskóli fær ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu frá Þjónustumiðstöð Austur, sjá nánar um hlutverk og samstarf við sérfræðiþjónustu í kaflanum um nemendaverndarráð

Sérstakur stuðningur við nemendur

Í Borgaskóla er unnið eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar sbr. stefnu fræðsluyfirvalda í Reykjavík, grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Leiðir að því markmiði felast m.a. í einstaklings / hópamiðuðu námi, sveigjanlegum kennsluháttum, blönduðum námshópum, samstarfi kennara, fjölbreyttum og sveigjanlegum sérúrræðum og markvissum stuðningi við kennara.

Þegar upp kemur vandi hjá einstökum nemendum eða námshópum er lögð áhersla á að vandinn sé rétt skilgreindur, greindur og einstaklingsnámskrá unnin í samræmi við niðurstöður greiningar.

Á yngsta stigi, 1.-4. bekk, er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með markvissri mál- og hreyfiþjálfun sem fram fer í samstarfi umsjónarkennara, íþróttakennara, tónmenntakennara og sérkennara eða námsráðgjafa. Unnið er markvisst að því að finna og vinna með þau börn sem eru í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika og viðvarandi hegðunarerfiðleika.

Á miðstigi, 5.-7. bekk, er m.a. unnið markvisst með námstækni og að kenna nemendum með sértækan námsvanda aðrar leiðir í námi. Nemandi með alvarlega lestrarerfiðleika þjálfast þannig í að nota ýmis hjálpartæki, s.s. hljóðbækur og tölvur þannig að hann nái sínum námsmarkmiðum eftir öðrum leiðum en þorri nemenda.

Einstaklingsáætlanir

Einstaklingsáætlanir eru unnar fyrir nemendur sem eiga í námsvanda og eða félagslegum vanda. Umsjónarkennari vinnur slíkar áætlanir í samvinnu við foreldra og fær ráðgjöf frá stoðþjónustu við þá vinnu.

Einstaklingsnámskrá

Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem eru með sértækan námsvanda í byrjun skólaárs. Í einstaklinganámskrá koma fram bakgrunnsupplýsingar, viðmið úr námskrá, markmið, hæfni og mat, einnig kemur fram hvaða stuðning nemandinn fær í skólanum. Áætlun er unnin af umsjónarkennara og sérkennara í samvinnu við foreldra.

Stoðþjónusta

Skólafélagsráðgjafi skipuleggur starf stoðþjónustu í samstarfi við stjórnendur og stoðteymi. Í stoðteyminu starfa stoðkennarar, atferlisfræðingur og stuðningsfulltrúar. Stoðteymið fundar mánaðarlega og þar er skipulag starfsins rætt, skólastjóri fundar vikulega með skólafélagsráðgjafa og með stoðteyminu þegar þörf krefur. Teymið sinnir stuðningi við einstaklinga og hópa eftir þörfum.

Í stoðþjónustu skólans skipta kennarar með sér verkum, einn kennari sér um vinnu með nemendum sem hafa íslensku sem annað mál. Annar kennari sér að mestu um miðstig og enn annar um yngsta stig. Stoðkennarar sinna jafnframt leiðsögn til umsjónarkennara þar sem það á við. Stuðningsfulltrúar vinna undir leiðsögn umsjónarkennara og atferlisfræðings. Einnig hafa einstaka kennarar komið að stoðþjónustu.

Í Borgarskóla er stefnt að því að aðlaga námsefni og mæta nemendum þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Unnið er í anda Leiðsagnarnáms og tekið er mið af skólanámskrá Borgaskóla sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla. Umsjónarkennarar skipuleggja vinnu í bekk. Í tilvikum þar sem nemandi vikur verulega frá og framvinda í námi er óveruleg kemur stoðþjónustan að málum. Einnig geta legið fyrir skimanir, greiningar eða aðrir þættir sem hafa áhrif á inngrip.

Umsjónarkennari og stoðkennari hvers námshóps funda við upphaf skólaárs, við annarskil og eftir þörfum á skólaárinu, meta stöðuna og ákveða framhaldið. Þannig skapast sveigjanleiki er miðar að því að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur hverju sinni. Vinnan er því breytileg og spannar frá því að vinna með nemanda megnið af skólaárinu eða tímabils bundið í lengri eða skemmri tíma.

Þeir kennarar sem komið hafa að kennslu í stoðþjónustunni hafa tekið saman í lok skólaárs þá vinnu sem unnin hefur verið með hverjum nemanda og tímafjölda. Þessar upplýsingar eru í persónumöppu viðkomandi nemanda.

Mikilvægt er að í allri vinnu með nemendum sem njóta stoðþjónustu að faglegt samstarf og samtal eigi sér stað milli umsjónarkennara og þess kennara sem veitir stuðninginn. Að kennarar skapi sér svigrúm utan kennslunnar með nokkuð reglulegu millibili, taki stöðuna, ákveði framhaldið og skrái það. Þetta gerir alla vinnu mun skilvirkari og auðveldar mat á því sem gert er og er leið til snemmtækrar íhlutunar.

Starfsmenn stoðþjónustunnar mæta á ýmsa fundi til að veita upplýsingar og fá upplýsingar vegna nemenda sinna. Má þar nefna skilafundi, teymisfundi, matsfundi og skimunarfundi svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru nauðsynlegir fundir til að starfið verið sem árangursríkast.

Hlutverk stoðteymis er:

Að sinna sérkennslu fyrir nemendur sem eiga í námserfiðleikum og/eða hegðunarerfiðleikum, einnig nemendum með íslensku sem annað mál. Nemendur fá ýmist kennslu tímabundið eða allt skólaárið. Í námsveri er lögð áhersla á sérkennslu í lestri, íslensku og stærðfræði. Auk þess er farið í félagsfærni og hegðunarmótun. Nemendur fá ýmist einstaklingstíma eða eru í hópum, sumir fá hvoru tveggja.

Að halda utan um þær skimanir og greiningar sem gerðar eru í skólanum eins og lestrarskimanir og stærðfræðiskimanir.

Að halda utan um safn sérhæfðra námsgagna sem kennarar geta notfært sér.

Að vera ráðgefandi. Kennarar geta leitað eftir aðstoð eða samvinnu aðila stoðteymis ef aðlaga þarf námsefni að einstaklingi eða hóp og við gerð einstaklingsnámskráa.

Telji kennari að nemandi hafi þörf fyrir sérkennslu í námsveri eða stuðning í bekk, geta þeir tekið málið upp á nemendaverndarráðsfunði eða rætt það við stjórnendateymi.

Sérúrræði innan skólans

Ýmis úrræði eru til innan skólans. Þar má nefna atferlisfræðing, skólafélagsráðgjafa, aðstoð og ráðgjöf við umsjónarkennara varðandi vanda nemandans, stoðkennsla, námsver, viðtöl, aukið foreldrasamstarf, fastir fundir, samningar, bekkjarfundir, teymi um nemendur, samstarf við frístundaheimili, samstarf við félagsmiðstöð.

Lausnateymi

Lausnateymi er starfrækt við Borgaskóla og fundar 2 x í mánuði. Markmiðið með starfi þess er snemmtæk íhlutun. Í lausnateymi situr kennsluráðgjafi frá Austur, stjórnendur og forstöðumaður frístundar og félagsmiðstöðvar. Allir kennarar geta leitað eftir ráðgjöf frá lausnateymi með því að vísa málinu til lausnateymis og fylgja því eftir á fundi. Ástæður tilvísana geta verið, námslegar, félagslegar, tilfinningalegur vandi, hegðunarerfiðleikar, skólasóknarvandi, vímuefnaneysla, bekkjarstjórnun og hvað eina sem kann að valda nemendum erfiðleikum.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan í Grafarvogi sinnir heilsugæslu í Borgaskóla. Hjúkrunarfræðingur sér um heilsufarsskoðanir og sinnir fræðslu um heilbrigði og holla lífshætti. Skólahjúkrunarfræðingur er Lísa María Friðriksdóttir.

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólustjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Helstu áherslur í skólaheilsugæslu eru fræðsla, heilsuefling, bólusetningar, skimanir og skoðanir, umönnun veikra og slasaðra barna, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Hildur Birna Helgadóttir er skólahjúkrunarfræðingur í Borgaskóla.

Ef alvarleg tilvik koma upp er bent á að hafa samband við heilsugæslustöðina. Einnig er bent á vaktþjónustu hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðinni. Þar er hjúkrunarfræðingur á vakt frá 8 - 17 alla daga. Hafa má samband við vakthjúkrunarfræðing ef einhverjar spurningar eru um skólaheilsugæsluna og kemur hún skilaboðum áleiðis til skólahjúkrunarfræðings ef með þarf.

Talþjálfun

Grunnskólarnir í Grafarvogi ásamt Þjónustumiðstöð Austur ráða sameiginlega talmeinafræðinga. Þeir sinna nemendum sem þurfa sértæka talþjálfun og einnig leggur hann skimunarpróf fyrir nemendur í 1. bekk og sinnir nemendum sem þurfa sértæka talþjálfun. Stella Reynisdóttir talmeinafræðingur starfar við Borgaskóla og hefur viðveru í skólanum 2 daga í viku.

Sérfræðiþjónusta

Ef óskað er eftir sérfræðiþjónustu fyrir nemendur er tilvísun send til nemendaverndarráðs í samráði við foreldra. Foreldrar geta þó einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs sem forgangsraðar verkefnum.

Kennsluráðgjafar sinna ráðgjöf um sérkennslu eða sértæka aðstoð við nemendur í grunnskóla þar með talið aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa. Kennsluráðgjöf felur m.a. í sér ráðgjöf til starfsfólks grunnskóla um kennsluhætti og skólaþróun.

Skólasálfræðingur Borgaskóla er Jóhanna Cortes Andréadóttir og Edda Laufey er félagsráðgjafi Borgaskóla.

Sérúrræði

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Þeir sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Við úthlutun sérkennslu- og stuðningsfulltrúatíma liggja greiningar, skimanir, námsmat og beiðnir umsjónarkennara og foreldra með rökstuðningi til grundvallar.

Sjá nánar:

- Skóli án aðgreiningar, upplýsingar, [smellið hér](#).
- Stefna í grunnskólum Reykjavíkur um skóla án áðgreiningar, [smellið hér](#).

Hér má sjá gátlista og viðmið vegna starfsreglna og áætlana sem reglugerðir með lögum um grunnskóla kveða á um að skólar beri ábyrgð á, [smellið hér](#).

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, [smellið hér](#).

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, [smellið hér](#).

Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

Sjá heildaráætlun Borgaskóla, [hér](#).

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, sálfræðingur, félagsráðgjafi skólans og skólahjúkrunarfræðingur. Aðrir aðilar s.s. fulltrúi frá barnaverndaryfirvöldum, félagsráðgjafi, námsráðgjafi, þroskajálfi, foreldrar og kennarar taka þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Hlutverk

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðiþjónustu auk þess að vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Starfsreglur

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða bréflega.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar.

Að öðru leyti vísast í [lög og reglugerðir](#) sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

Frístundastarf

Við Borgaskóla starfa frístundaheimilið Hvergiland fyrir nemendur í 1.-4. bekk, forstöðumaður er Ásgerður Breiðfjörð Ólafsdóttir.

Félagsmiðstöðin Vígyn er er starfrækt fyrir nemendur í 5. -7. bekk og er Stefán Örn Kárasón forstöðumaður í Borgaskóla. Samstarf er við félagsmiðstöðina um að skapa gott félagslegt umhverfi fyrir nemendur Borgaskóla.

Ýmsar áætlanir og reglur

Útgefið efni skóla- og frístundasviðs

Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs má finna ýmsar upplýsingar um skólastarf í Reykjavík, [smellið hér](#) og einnig má finna [útgefið efni skóla- og frístundasviðs](#).

Vinsamlegt samfélag er verkefni sem varð til við sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í eitt svið; skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð.

Eineltisáætlun

Áætlun gegn einelti er að finna á heimasíðu skólans, [hér](#).

Hér má finna stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur í eineltismálum auk ítarefnis, [smellið hér](#).

Símenntunaráætlun

Upplýsingar um símenntunaráætlun Borgaskóla er að finna á bls 15.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun Borgaskóla, [smellið hér](#)

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun Borgaskóla er að finna [hér](#).

Læsisstefna,

Hér má finna læsisstefnu Grafarvogs og Kjalarness, [smellið hér](#)

Sjálfsmatsáætlun

Í lok skólaársins eru teknar saman niðurstöður heildarmats og sjálfsmatsáætlun. Sjálfsmatsáætlun er að finna á bls. 23

Starfsmannahandbók

Starfsmannahandbók fyrir skólaárið 2024-2025 er að finna [hér](#).

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur

Móttaka nemenda í 1. bekk

Skólavinaverkefni er samstarf Borgaskóla við Hamra og Hulduheima

Samvinnuverkefni á milli Borgaskóla og leikskólanna tveggja í hverfinu, Hulduheima og Hamra, sem við köllum skólavinir.

Verkefnið felur í sér að styrkja tengsl á milli leikskóla og skóla og þar eru í aðalhlutverki nemendur úr 5. bekk Borgaskóla og forskólabörn úr leikskólunum tveimur.

Þegar forskólabörnin koma í skipulagðar heimsóknir í skólann og það lendar nálægt frímínútum þá skipuleggja nemendur 5. bekkjar leiki fyrir forskólabörnin, þeir sem vilja ekki fara í leiki geta líka fengið leikfélaga á leikvellinum. Skólavinir hafa einnig hjálpað til í heimsóknum forskólabarnanna í sérgreinastofunum.

Auk þess eru tvær heimsóknir þar sem skólavinir fara í leikskólann. Fyrst um haustið til að sýna krökkunum skólatöskurnar sínar og leika við krakkana og svo á degi íslenskrar tungu þar sem skólavinir fara með kennurum sínum inn á báða leikskólana til að lesa fyrir börnin á leikskólanum.

Ætlunin er síðan að halda þessum venskap áfram með skipulögðum samverustundum næstu tvö skólaár þar til skólavinirnir klára sína skólagöngu í Borgaskóla og forskólabörnin verða þá að klára í 2. bekk.

Bæði Borgaskóli og leikskólarnir tveir eru mjög ánægðir með þetta verkefni og vilja halda því áfram.

Leikskólanemendur koma í skipulagðar heimsóknir í kennslustundir 1. bekk og í list- og verkgreinar. Í þessum heimsóknum eru leikskólanemendur virkir þátttakendur í kennslustundinni og hafa kynnst bæði kennurum og húsnæðinu áður en þeir hefja skólagöngu í 1. bekk.

Að hausti mæta nemendur með foreldrum sínum í viðtal við umsjónarkennara áður en skólastarf hefst. Fyrsta skóladaginn fylgja foreldrar börnum sínum í skólann og er þeim síðan boðið í morgunkaffi með stjórnendum þar sem gefst færi á óformlegu spjalli um skólabyrjun. Einnig er foreldrum boðið á fræðslufund um skólastarfið og viðfangsefni nemenda á fyrstu vikum skólaársins. Við móttöku nýrra nemenda í Borgaskóla er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann. Þegar nýr nemandi er skráður í skólann er honum og foreldrum hans boðið í heimsókn í skólann. Stjórnendur og umsjónarkennari taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim húsnæðið. Ef nemandinn byrjar á miðju skólaári þá heimsækir hann umsjónarhópinn sinn en að hausti hittir hann umsjónarkennara. Umsjónarkennarar eru beðnir um að hafa samband við heimili nýrra nemenda þegar ein til tvær vikur eru liðnar af skólatímanum. Þá gefst tækifæri til að ræða líðan nemandans og upplifun hans og foreldra af skólanum.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun má finna [hér](#).

Forvarnarteymi

Í Borgaskóla starfar forvarnarteymi, fulltrúar í teyminu eru: Þuríður Ágústsdóttir aðstoðarskólastjóri, Bryndís Rut skólafélagsráðgjafi, Ingunn Margrét Óskarsdóttir kennari, Ásgerður Ólafsdóttir forstöðumaður frístundar, Stefán Örn Kárason forstöðumaður félagsmiðstöðvar, ásamt skólahjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi og skólafélagsráðgjafa frá Austurmiðstöð. Teymið fundar mánaðarlega. Forvarnaáætlun skólans er endurskoðuð árlega og má áætlunina finna [hér](#).

Hlutverk og skipan forvarnarteymis grunnskólanna skv. aðgerðaráætlun.

- Teymið skal tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.
- Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Teymið skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- Ábyrgðaraðilar teymisins eru skólastjóri og fagstjórar grunnskóla í hverju hverfi borgarinnar. Fagstjórar skulu fylgja því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt forvarnarteymi.

Forvarnastefna

Í Borgaskóla neytum við ekki vímuefna.

Í skólareglum kemur fram að notkun tóbaks, rafretta og hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni, á lóðum nággranna skólans á skólatíma og hvar sem nemendur eru á vegum skólans. Verði nemandi uppvís að slíkri háttsemi hefur umsjónarkennari samband við foreldra.

1.-4. bekkur

Líkamsvitund, heilbrigði og jákvæð samskipti.

- Að þekkja líkama sinn og helstu líkamshluta.
- Að skilja gildi hollrar næringar og mikilvægi heilbrigðra lífshátta.
- Að gera sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan byggir á heilbrigðum lífsvenjum, líkamsrækt og hollum neysluvenjum.
- Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki.
- Að temja sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og tillitsemi í samskiptum við aðra.
- Að þjálfast í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt.
- Að vera fær um að setja sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim og geta leitað sáttaleiða.

5.-7. bekkur

Sjálfsþekking, samskipti, félagsvitund

- Að gera sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan byggir á heilbrigðum lífsvenjum, líkamsrækt og hollum neysluvenjum.
- Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki.
- Að gera sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífsstíls.
- Að temja sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og tillitsemi í samskiptum við aðra.
- Að þjálfast í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt.
- Að þjálfast í samvinnu og samhjálp.
- Að nota skapandi og gagnrýna hugsun til að leysa vandamál ein/einn eða í hóp.
- Að geta greint jákvæðan áróður frá neikvæðum í auglýsingum og umhverfi.
- Að taka þátt í félagsstarfi skólans.
- Að þekkja hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna.
- Að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt og geta sett sér persónuleg markmið.

Hér má skoða forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, [smellið hér](#).

Áfallaáætlun Borgaskóla

Áfallaráð

Skólastjóri, eða staðgengill hans ber ábyrgð á að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

Í áfallaráði sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur skólans og sá starfsmaður skólans sem næst stendur málinu. Einnig er hægt að kalla til sóknarprest eða annan fagaðila sé þess óskað.

Hlutverk

Hlutverk áfallaráðs er að vera skólastjórnendum og öðru starfsfólki skólans til aðstoðar við að mæta ýmiss konar áföllum sem nemendur og/eða starfsfólk verður fyrir eða tengjast með einum eða öðrum hætti.

Áfallaráð skal funda strax að hausti og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Áfallaráð skal ræða þau áföll sem upp hafa komið og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið.

Skrifstofa skólans skuli halda sérstaklega utan um slíkar upplýsingar.

Áföll sem áætlunin nær til eru:

1. Minniháttar slys og vanlíðan, alvarleg slys, alvarleg veikindi, langvinnir sjúkdómar og andlát nemanda.
2. Alvarleg slys, alvarleg veikindi, langvinnir sjúkdómar og andlát aðstandenda nemanda.
3. Alvarleg slys, alvarleg veikindi, langvinnir sjúkdómar og andlát starfsfólks.
4. Andlát maka eða barna starfsfólks.

Áföll tengd nemendum

Minniháttar slys og vanlíðan nemanda

Átt er við minniháttar áverka s.s. lítil sár og tognanir, vanlíðan og veikindi nemenda.

- Nemandi lætur næsta starfsmann sem hann finnur vita af áverkanum eða veikindunum.
- Starfsmaðurinn sinnir nemandanum eftir þörfum og tilkynnir síðan umsjónarkennara um atvikið
- Umsjónarkennari lætur forráðamann nemandans vita ef þurfa þykir.

Alvarleg slys nemanda

Átt er við meiriháttar áverka t.d. beinbrot, stór sár, höfuðáverka eða annað sem getur stofnað lífi nemandans í hættu.

Slys sem verða á skólatíma

- Verði nemandi fyrir alvarlegu slysi á skólatíma skal sá starfsmaður sem næstur er kalla á hjálp og sinna nemandanum þar til sértæk aðstoð berst.
- Hafa skal samband við forráðamenn nemandans og lögreglu sem allra fyrst.
- Skólastjóri kallar til áfallaráð sem ákveður næstu skref.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennurum ræða við nemendur í þeim bekkjum sem tengjast málinu.
- Öllu starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu og þess gætt að enginn fari heim með rangar eða misvísandi upplýsingar.
- Umsjónarkennarar hringja heim í forráðamenn annarra nemenda ef þurfa þykir.
- Sé slysið mjög alvarlegt er haldinn fundur í lok dags með öllu starfsfólki skólans þar sem farið er yfir atburðinn ásamt áfallaráði.
- Sýni fjölmiðlar áhuga, er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann.

Slys sem verða utan skólatíma

- Skólastjóri eða umsjónarkennari aftar upplýsinga um slysið hjá forráðamönnum nemandans.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- Starfsfólki og nemendum skólans er tilkynnt um slysið.

Næstu dagar eftir slysið

- Umsjónarkennari heldur sambandi við forráðamenn nemandans og fylgist með líðan hans.
- Umsjónarkennari ásamt skólastjóra kemur upplýsingum til starfsmanna og nemenda sem tengjast þeim slasaða.

- Umsjónarkennari athugar hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar. Að öðrum kosti getur bekkurinn sent nemandanum kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Alvarleg veikindi og langvinnir sjúkdómar nemanda

Viðbrögð í skólanum:

- Skólastjóri eða umsjónarkennari aflar upplýsinga um veikindin hjá forráðamönnum nemandans.
- Áfallaráð ákveður hvernig skuli taka á málinu og hve mikið skuli vinna með viðkomandi bekki.
- Skólastjóri greinir starfsfólki skólans frá veikindum nemandans og umsjónarkennarar ræða við þá bekki sem næstir standa nemandanum eða eftir aðstæðum í hvert sinn.
- Umsjónarkennari athugar hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar. Að öðrum kosti getur bekkurinn sent nemandanum kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Andlát nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum:

- Skólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við forráðamenn nemandans.
- Skólastjóri kallar áfallaráð ásamt sóknarpresti saman. Áfallaráð ákveður fyrstu viðbrögð skólans í samráði við forráðamenn og skiptir með sér verkum.
- Gæta skal þess að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Skólastjóri kallar starfsfólk skólans saman eins fljótt og hægt er og tilkynnir dauðsfallið.
- Skólastjóri gætir þess að þeir starfsmenn sem ekki eru í skólanum þann dag fái fregnina.
- Skólastjóri, umsjónarkennari og sóknarprestur sé þess óskað tilkynna andlátíð í viðkomandi bekkjardeild. Hlúð er að nemendum í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkrunarfræðings, aðila úr lausnateymi og sálfræðings.
- Umsjónarkennarar tilkynna andlátíð í öðrum bekkjardeildum, þannig að allir fái fregnina samtímis.
- Ritari gætir þess að hafa samband við forráðamenn þeirra nemenda sem ekki eru í skólanum þennan dag.
- Skólastjórnendur senda bréf heim til foreldra þar sem greint er frá andlátinu og atburðum dagsins.
- Umsjónarmaður skólans dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.

Í umsjónarbekknum sama dag:

- Umsjónarkennari eða annar kennari sem kennir bekknum fylgir bekknum það sem eftir er skóladags. Honum til stuðnings eru aðilar úr áfallaráði.
- Nemendum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn.
- Skólastjóri eða umsjónarkennari boðar fund eða hringir í forráðamenn nemenda í bekknum og segir frá atburðinum og skipulagi skólafars næstu daga.
- Forráðamenn sækja börnin sín í skólann ef þurfa þykir.
- Umsjónarkennari gætir þess að hafa samband við þá nemendur sem ekki eru í skólanum þennan dag.
- Áfallaráð ásamt umsjónarkennara fundar í lok dags, fer yfir stöðuna og gerir áætlun um næstu skref.

Næstu dagar:

Fulltrúar skólans ásamt umsjónarkennara fara í heimsókn til aðstandenda nemandans með samúðarkveðju.

Umsjónarkennari tekur á mótum nemendum sínum næstu daga.

Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta þeir teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.

Nemendum greint frá því sem gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför.

Ef nemendur eiga að vera við jarðarförina þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamenn þess látna. Nauðsynlegt er að forráðamenn fari með börnunum sínum í jarðarförina/ minningarathöfnina.

Gefa þarf svigrúm í kennslustundum fyrir mismunandi viðbrögð nemenda næstu daga á eftir. Mikilvægt er að nemendur fái að tjá tilfinningar sínar og ræða málin.

Fleira mikilvægt

- Gefið sorginni tíma.
- Skólastjórnendur, umsjónarkennari og þeir sem tengst hafa barninu fari í jarðarförina /minningarathöfnina.
- Umsjónarkennarinn þarf sjálfur að fá stuðning og hjálp.
- Þegar frá líður þarf að muna eftir dagsetningunni.

Áföll tengd aðstandendum nemandans

Alvarleg slys aðstandenda nemandans

- Skólastjóri eða umsjónarkennari fær staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð og það ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Alvarleg veikindi aðstandenda nemandans

- Skólastjóri eða umsjónarkennari fær staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð og það ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.

- Umsjónarkennari heldur góðu sambandi við heimilið og fylgist með framvindu mála.

Andlát aðstandenda nemanda

- Skólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við forráðamenn nemandans.
- Skólastjóri kallar áfallaráð ásamt sóknarpresti saman. Áfallaráð ákveður fyrstu viðbrögð skólans í samráði við forráðamenn og skiptir með sér verkum.
- Gæta skal þess að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Skólastjóri kallar starfsfólk skólans saman eins fljótt og hægt er og tilkynnir dauðsfallið.
- Skólastjóri gætir þess að þeir starfsmenn sem ekki eru í skólanum þann dag fái fregnina.
- Skólastjóri, sóknarprestur sé þess óskað og umsjónarkennari tilkynna andlátíð í viðkomandi bekkjardeild. Umsjónarkennari hlúir að nemendum í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkrunarfræðings, aðila úr lausnarteymi eða sálfræðings.
- Umsjónarkennari eða skólastjóri hringir heim í forráðamenn allra nemenda í bekknum og segir frá atburðinum.
- Bekkurinn útbýr samúðarkveðju sem skólinn sendir til nemandans og fjölskyldu hans ásamt kveðju frá skólanum.
- Ræða þarf í áfallaráði og í samráði við ættingja hvort fulltrúar skólans eða nemendur verði viðstaddir jarðaförina.
- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir móttöku nemandans þegar hann kemur aftur í skólann.
- Umsjónarkennari undirbýr nemandann undir að koma aftur í skólann og styður hann vel fyrstu dagana.

Áföll tengd starfsfólki

Alvarleg slys starfsmanns skólans

- Skólastjóri fær staðfestingu á slysinu hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri ákveður í samráði við áfallaráð og þann slasaða (eða aðstandanda hans) hvernig segja skuli nemendum og öðru starfsfólki frá slysinu.

Alvarleg veikindi /langvinnir sjúkdómar starfsmanns skólans

- Skólastjóri fær staðfestingu á veikindunum hjá starfsmanni eða aðstandanda hans og lætur aðra sem málið varðar vita.
- Skólastjóri ákveður í samráði við áfallaráð og þann veika (eða aðstandanda hans) hvernig eða hvort segja skuli nemendum og öðru starfsfólki frá veikindunum.

Andlát starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð og gætir þess að láta þá vita sem eru fjarverandi þann dag.
- Gæta þarf að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Áfallaráð fundar um hvernig tilkynna eigi nemendum andlátíð og hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda.

- Aðilar úr áfallaráði veita nemendum sem næstir stóðu starfsmanninum stuðning næstu daga.
- Skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns og/eða sendir þeim samúðarkveðju.

Áföll tengd aðstandendum starfsfólks

Andlát maka eða barna starfsfólks.

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð og gætir þess að láta þá vita sem eru fjarverandi þann dag.
- Gæta þarf að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Ef maki eða barn umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð og kemur upplýsingum til forráðamanna nemenda.
- Aðilar úr áfallaráði veita nemendum sem næstir stóðu starfsmanninum stuðning næstu daga.
- Skólastjóri fer heim til starfsmanns og sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

Skólastjóri, eða staðgengill hans ber ábyrgð á að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi. Í áfallaráði sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur skólans og sá starfsmaður skólans sem næst stendur málinu. Einnig er hægt að kalla til sóknarprest sé þess þörf og það samþykkt af hlutaðeigandi aðilum

Viðbragðsáætlun vegna inflúensu

Viðbragðsáætlunin segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Borgaskóla í samræmi við áætlun Almanna- og heilbrigðisráðs um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólafnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur. Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu. Sjá nánar á <http://www.influenza.is/>.

Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri

Viðbrögð við óveðri eru í samræmi við samkomulag um skipulag sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins stýrir. Viðmiðin kallast „Röskun á skólastarfi vegna óveðurs“. Þau er að finna á nokkrum tungumálum með myndrænum hætti og texta [hér](#). Viðmiðin eru unnin eftir viðvörunarkerfi Veðurstofunnar.

Það er á ábyrgð foreldra að taka ákvörðun um hvort senda eigi börn í skólann þegar viðvaranir gilda.

Viðbragðsáætlun Almanna- og heilbrigðisráðs

Viðbragðsáætlanir Almanna- og heilbrigðisráðs gegn ýmiss konar vá eins og t.d. jarðskjálftum, eldsumbrotum og inflúensu má finna á heimsíðu Almanna- og heilbrigðisráðs, [smellið hér](#).

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi, [smellið hér](#).

Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Reglur þessar taka til endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, [smellið hér](#).

Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

Hér er tengill á áætlun um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla og frístundastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Áætlunin er sett fram í stikklutexta sem merkir að nánari skýringar er að finna þegar smelt er á feitletruðu orðin í textanum.

Fjölmennningarstefna skóla- og frístundasviðs

[Heimurinn er hér](#) – Stefna skóla- og frístundasviðs

Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009.

Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum. Handbókina má finna [hér](#).